

Skipulagsstofnun  
Hólfríður Bjarnadóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík 21. mars 2017  
UST201703-082/B.S.  
08.14.00

### Efni: Tillaga að matsáætlun - Reykjanesvirkjun – úrgangur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreina tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að í tillögu að matsáætlun sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar að öðru leyti en því að Umhverfisstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir útfellingum sem til skamms tíma var flutt á jarðvegstípp og þar sem ekki hefur mælst geislavirkni. Í tillögu kemur fram að út frá helmingunartíma Pb-210 sé langtímageymsla á iðnaðarsvæði HS Orku óæskileg en helmingunartími Pb-210 er 22 ár.

Því telur Umhverfisstofnun að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig mælingar á geislavirki jarðvegstípps fóru fram og hvort þær rannsóknir og aðferðir við mælingar taki af allan vafa um hvort geislavirkar útfellingar sé að finna í haugnum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri